

Aðalfundur Gagnsæis 2020

Haldinn (fjarfundur) fimmtudaginn 17. desember kl. 16.00. Fundurinn kaus Guðrúnu Johnsen fundarstjóra og Árna Múla Jónasson fundarritara. Fundarstjóri gerði grein fyrir að tæknilegir örðugleikar hefðu komið upp við boðun fundarins og því hefðu ekki allir félagsmenn fengið boðið með minnst tveggja vikna fyrirvara eins og segði í í samþykktum félagsins. Formaður óskaði eftir að fundurinn teldist þó löglegur og var það samþykkt.

Dagskrá fundarins var samkvæmt samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar og reikningar Gagnsæis.

Fundarstjóri gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Þar kom m.a. fram eftirfarandi:

Stefnt var að stofnun Íslandsdeildar Transparency International í mars 2020 eftir að TI-S veitti Gagnsæi aðild að samtökunum sem landsdeild í mótun (e. Chapter in Formation) með formlegum hætti á Aðalfundi TI-S í Berlín í nóvember 2019. Stofnun Íslandsdeildar varð hins vegar að bíða, eftir að heimfaraldur skall á í mars 2020. Vænta má að stofnfundur verði haldinn á fyrstu mánuðum ársins 2021, en stjórn Gagnsæis auglýsti eftir framkvæmdastjóra Íslandsdeildarinnar í október 2020. 45 manns sóttu um starfið og réði stjórnin Árna Múla Jónasson, lögfræðing, í 25% starf frá og með 1. Janúar 2021. Áform eru um að Árni Múli komi í fullt starf fyrir samtökin að þremur mánuðum liðnum, eða þegar rekstararfé skrifstofu TI-IS hefur verið tryggt.

Fulltrúar Gagnsæis sóttu aðalfund TI í Berlín þar sem Gagnsæi tók formlega við heimild til að Gagnsæi hefji uppbyggingu Íslandsdeildar undir merkjum Transparency International, (e. Chapter in formation). Á meðan að fundinum stóð birtust fréttir af peningaþvotti Danske bank, sem varð til þess að allar norrænu deildirnar sameinuðust í yfirlýsingu um málið og ákalli til að stjórnvalda allra norrænu ríkjanna um að taka útflutning á spillingu föstum tókum.

Fundur og námskeið með Ilya Shumanov, TI Rússland

Í Berlin var einnig undirbúin fundur og námskeið Ilya Shumanov, sem kom til Íslands í lok nóvember 2019. Shumanov hélt námskeið á vegum Gagnsæis um peningaþvott. Námskeiði var vel sótt af sérfræðingum í fjármálaeftirliti og endurskoðun og Shumanov vakti einnig nokkra athygli í fjölmiðlum landsins.

Mikilvægum áföngum í baráttunni gegn spillingu á Íslandi hefur verið nàð, ekki síst fyrir þrýsting Gagnsæis frá stofnun samtakanna árið 2015 Þar má nefna innleiðing laga um vernd uppljóstrara, hagsmunaskráningu þingmanna, ráðherra og starfsmanna stjórnarráðsins ásamt innleiðingu siðareglna. Gagnsæi hefur komið að þessum réttindabótum beint og óbeint, með opinberum þrýstingi, greinarskrifum í blöð og á félagsmiðlum, ráðstefnu - of námskeiðshaldi, og beinni þáttöku í opinberum nefndum. En þessari baráttu lýkur aldrei, og mikið verk óunnið við að koma upp spillingarvörnum og meðvitund á Íslandi sem þykja sjálfsögð í Nágrannalöndum okkar. Síðast í dag bárust átölur frá erlendum vettvangi á íslensk stjórnvöld.

Í nýrri skýrslu OECD segir að þrátt fyrir að Ísland hafi skrifað undir sáttmála OECD gegn

mútum og spillingu fyrir meira en tuttugu árum hafi stjórnvöld fyrst nú nýlega hafið rannsókn á mútubrotum. Málefningu hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti. Ísland þarf að bæta verulega getu til að greina mútur og merki þess að slík brot eigi sér stað hér á landi.

Herða þarf frekar löggjöf um vernd uppljóstrara og skapa þeim öryggi sem hætta lífsviðurværi sínu í þágu almannahagsmuna og uppbyggingar trausts í okkar samfélagi, með því að koma upp um lögbrot og spillingu. Þrýsta þarf á stjórn málaflókka að stuðla að umbótum í ráðningarmálum á vettvangi hins opinbera - með miðlægri starfsmannastjórnun og ráðningum sem fyrst og fremst hafa það að markmiði að gæta að almannahagsmunum, í stað þröngra viðskiptalegra hagsmuna ráðningarfyrirtækja og stjórnmalamanna.

Hvert hneykslismálið hefur rekið annað á vettvangi dómstóla, stjórnslu og stjórn mála og ekki síður hafa opinberast ótilhlýðileg áhrif einkaaðila á stefnumótun hins opinbera. Umræðan virðist að sumu leyti vera að færast í dýpri skotgrafir hér á landi rétt eins og annarsstaðar - þá heyrir það upp á gagnrýnendur að vera málefnalegir, og gæta þess að skjóta ekki fyrst og spyrja svo - til að báráttan gegn spillingu snúist ekki upp í andhverfu sína.

Spilling er misbeiting opinbers valds í eigin þágu í stuttu máli, en til að gagnrýni sé skilvirk og skili tilætluðum árangri þurfa gagnrýnendur sjálfir sem og fjölmiðlar og blaðamenn að leggja mat á þá hagsmuni sem undir liggja og hvort andlag fréttu sé raunveruleg misbeiting valds og að verið sé að ráðstafa verulegum hagsmunum í eigin þágu sem valda öðrum tjóni.

Í okkar litla samfélagi er erfitt að komast undan því að vera tengdur þeim sem eru í opinberum stöðum með einum eða öðrum hætti - við þurfum þess vegna að stuðla að vitundarvakningu, til að styrkja fyrstu varnarlínuna; sem erum við sjálf og breyta stirðu viðhorfi okkar gagnvart því að segja sig frá ákvarðanatöku ef ásýndin ein getur skapað tortryggni. Þá má ávallt auka traust á ákvörðunartöku er varðar almannahagsmuni, með auknu gagnsæi og upplýsingagjöf sem almenningur á auðvelt með að verða sèr út um og skilja.

Nokkrar unmræður urðu um ársskýrsluna. Aðalfundur samþykkti ársskýrsluna einróma.

Geir Guðmundsson, gjaldkeri félagsins, gerði grein fyrir ársreikningi árið 2019.

Geir sýndi og las yfirlýsingu frá Ásgeiri Brynjari Torfasyni, skoðunarmanni reikninga félagsins, þar sem hann staðfesti reikninginn skv. fyrir liggjandi gögnum.

Eftir kynningu Geirs á ársreikningi 2019 svaraði hann nokkrum spruningum fundarmanna varðandi hann. Aðalfundur samþykkti ársreikninginn einróma.

Því næst kynnti Geir stuttlega fjárhagsstöðu félagsins eins og hún lítur út þegar aðalfundur er haldinn og svaraði spurningum fundarmanna varðandi það.

2. Stefnuskra og starfsáætlun til næsta aðalfundar.

Fundarstjóri skýrði frá áætlunum um að halda formlega stofnfund TI-Ísland við fyrsta tækifæri þegar sóttvarnir leyfa – vonandi ekki síðar en í apríl. Fram að þeim tíma mun starf samtakanna snúast að miklu leyti um að tryggja skrifstofu TI-Ísland rekstararfé, en einnig að undirbúa áherslumál TI-IS fyrir komandi þingkosningar, haustið 2021. Þá mun

framkvæmdastjóri fara yfir alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins í spillingarvörnum og kanna eftirfylgni stjórnvalda með þeim.

3. Kjör stjórnar.

Edda Kristjánsdóttir, Geir Guðmundsson, Guðrún Johnsen og Halldór Auðar Svansson gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Geir verður áfram gjaldkeri félagsins. Guðrún bauð sig fram til formennsku og var kosin formaður stjórnar einróma.

Til setu í stjórn gáfu Ágústa Ýr Þorbergsdóttir, Engilbert Guðmundsson og Halldór Ó. Zoëga kost á sér og voru þau sjálfkjörin í stjórn félagsins.

Valgerður Bjarnadóttir, Jón Ólafsson og Kirstín Flygenring hafa ákveðið að hætta í stjórninni.

Fundarstjóri þakkaði þeim fyrir starf í þágu félagsins og bauð nýtt stjórnarfolk velkomið til starfa og gerði stuttlega grein fyrir því.

4. Kjör skoðunarmanns reikninga félagsins.

Ásgeir Brynjar Torfason var kjörinn skoðunarmaður reikninga.

5. Önnur mál.

Fundarstjóri sgði að þetta yrði síðasti aðalfundur Gagnsæis þar sem félagið hefði fengið aðild að alþjóðasamtökum Transparency International. Félagið myndi því fá nafnið Íslandsdeild Transparency International. Þetta væri mjög ánægjulegur og mikilvægur áfangi fyrir félagið og í baráttu gegn spillingu á Íslandi. Fram kom hjá fundarstjóra að stefnt væri að því að halda stofnfund Íslandsdeildar Transparency International á fyrstu vikum nýs árs, 2021 og yrði vonandi hægt að hafa hann þannig að fólk gæti hist, kynnst og blandað geði.

Þá bauð fundarstjóri velkominn til starfa Árna Múla Jónasson, sem hefur verið ráðinn í 25% sem framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency International frá 1. janúar nk.